

## Fráveita

Gildir frá 01.01.2018

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Fráveitugjöld eru undanþegin virðisaukaskatt.

### Fráveitugjöld:

Svæði	Sveitafélag	Fast gjald	Grunnur	Fermetra-gjald	Grunnur
Veitusvæði I	Reykjavík	10.567	kr/matseining/ári	407,87	kr/m <sup>2</sup> /ári
Veitusvæði II	Akranes	10.567	kr/matseining/ári	407,87	kr/m <sup>2</sup> /ári
Veitusvæði III	Borgarbyggð	14.001	kr/matseining/ári	540,34	kr/m <sup>2</sup> /ári

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennslu frá gjaldskyldum aðila er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða fráveitunnar, svo sem sértaekrar hreinsunar eða breytinga í kerfinu. Er þá innheimtur raunkostnaður sem hlýst af viðkomandi aðgerð.

### Skýringar:

Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign í samræmi við ofangreind lög.

Fyrir fasteignir í landi Krosslands í Hvalfjarðarsveit gildir sama gjald og á Akranesi.

Álögð fráveitugjöld nema að hámarki 0,5 % af fasteignamati viðkomandi eignar.

Gjalddagar álagðra fráveitugjalfa er 2. virkur dagur mánaðar. Álagning í upphafi árs deilist í 9 greiðslur frá febrúar til október. Hægt er að óska eftir einum gjalddaga sem þá er 2. júní.

Heimilt er Veitum að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagning-arinnar.

### Tengigjöld:

Sveitafélag	Svæði	Tengigjald <sup>1</sup>	Grunnur
Reykjavík	Norðlingaholt	358.378	kr/lóð
Reykjavík	Úlfarsárdalur (1. og 2. áfangi)	409.020	kr/lóð
Reykjavík	Reynisvatnsás	409.020	kr/lóð
Reykjavík	Svæði sunnan Sléttuvegar	409.020	kr/lóð

<sup>1</sup> Verðin miðast við tvöfalda 150 mm tengingu við lóðamörk.

Tengigjöld fyrir stakar lóðir í öðrum hverfum en tilgreind eru hér fyrir ofan taka mið af gerð, lengd og stærð tengingar. Lóðarhafi ber raunkostnað af nýrri tengingu við virkt fráveitukerfi.

Hafi lóðarhafi eða verktaki á hans vegum lagt tengingu undir eftirliti Veitna greiðir hann fyrir tengistút við safnkerfi 78.399 kr/lóð.

## Verðskrá fyrir fráveitu á veitusvæði Veitna

### Skýringar:

Tengigjöldin miðast við byggingarvísitölu desember 2017 (136,1) og uppfærast 1. hvers mánaðar miðað við þá vísitölu.

Sé óskað eftir fleiri tengingum inn á lóð greiðist það sérstaklega.

Tengigjöld á Akranesi og í Borgarbyggð eru innheimt af viðkomandi sveitarfélagi.

### Þjónustugjöld:

Texti	Kr.
Seðilgjald	193
Tilkynningar- og greiðslugjald	92
Innheimtuviðvörur*	950

### Skýringar:

\*20 dögum eftir gjalddaga. Innheimtugjöld miðast við heimildir í reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.